Samkvæmt Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996 geta fulltrúar heilsugæslu átt sæti í nemendaverndarráði skólans/skólanna sem þeir starfa í. Því fylgir fundarseta a.m.k. mánaðarlega.

Tvær aðkomur starfsmanna í heilsuvernd skólabarna (SHS) að nemendaverndarráðsfundum (NVRF)

1) SHS ber upp mál nemenda á NVRF
2) Mál nemenda tekið upp af öðrum en SHS á NVRF. Þá er spurningin hvað á að skrá og hvað ekki.

Viðmiðið er að þegar SHS leggur fram sitt sjónarmið til lausnar máli að þá er það skráð í samskipti. Eins ef SHS er falin umsjón með máli.

1) Dæmi um mál sem SHS ber upp á NVRF (Tilvísun til nemendaverndarráðs)
Nemandi kemur til SHS og segist líða illa í skólanum og kvíðir fyrir að fara í skólann á hverjum morgni því kennarinn sé strangur og hann eigi enga vini í skólanum.

Tilefnisflokkur: Andleg og félagsleg líðan
Hjúkrunarviðfangsefni: Almenn vanlíðan
Hjúkrunarmeðferð: Virk hlustun + Ráðleggingar um meðferð og forvarnir + Stuðningsviðtal + Tilvísun til nemendaverndarráðs + Samskipti við forráðamann + Eftirfylgd

2) Dæmi um mál sem tekið er upp af öðrum en SHS á NVRF (Þátttaka á þverfaglegum fundum)
Skólasálfræðingur greinir nemanda lesblindan og leggur til úrræði í skóla. SHS finnst vanta í þau úrræði og leggur til málanna. SHS skráir þá samskipti því hann lagði fram sitt úrræði til lausnar.

Tilefnisflokkur: Langvinnur heilsuvandi
Hjúkrunarviðfangsefni: Aðlögunarleiðir efldar og stuðningur við meðferð
Hjúkrunarmeðferð: Þátttaka á þverfaglegum fundum
Skrá þarf frekari lýsingu í samskiptin

3. Dæmi um mál sem SHS er falin umsjón með (Þátttaka á þverfaglegum fundum)
Á nemendaverndarráðsfundi kemur fram að nemandi hafi misst nákominn ættingja. SHS er beðinn um að hitta nemandann og meta líðan hans.

Samskipti skráð eftir NVRF

Tilefnisflokkur: Andleg og félagsleg líðan
Hjúkrunarviðfangsefni: Áfall
Hjúkrunarmeðferð: Þátttaka á þverfaglegum fundum

Í framvindu samskiptanna kæmi viðtalið við barnið og niðurstaðan úr því.



Í heilsufarsskrá nemanda hakast sjálfkrafa fyrir framan Þverfaglegir fundir ef nemandinn á samskipti með HM „Þátttaka á þverfaglegum fundum“



Ef smellt er á Þverfaglegir fundir í heilsufarsskránni þá opnast yfirlit yfir þau samskipti sem eru með HM „Þátttaka á þverfaglegum fundum“